

### Nefndarálit og þingsályktun

við skýrslu um fjármál Þjóðkirkjunnar og fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar.

Flutt af fjárhagsnefnd.

Frsm. Árni Helgason

Fjárhagsnefnd hefur farið yfir tillögu að fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2023 og hefur nefndin uppfært fjárhagsáætlun þannig að hún er nú sett fram samkvæmt starfsreglum um fjármál Þjóðkirkjunnar nr. 13/2021 5gr. Einnig hefur nefndin lagt til margvíslegar breytingar- og hagræðingartillögur sem birtast í þeirri áætlun sem hér er lögð fram. Sú fjárhagsáætlun sem lögð var fram á októberþingi kirkjuþings gerði ráð fyrir rekstrarhalla upp á 16.314.130 kr. Í meðförum nefndarinnar tókst að ná fram afgangi að upphæð kr. 0.

Fjárhagsnefnd bendir á að afar brýnt er að halda áfram aðhaldsaðgerðum til að verja og auka þann árangur sem náðst hefur í rekstri Þjóðkirkjunnar. Þrátt fyrir að þessi fjárhagsáætlun sé fjárheimild samkvæmt 1. gr. í starfsreglum um fjármál Þjóðkirkjunnar nr. 13/2021, er því beint til allra aðila sem koma að starfi kirkjunnar að gæta ýtrasta aðhalds í fjármálum og leita allra leiða til hagræðingar. Vegna viðkvæmrar fjárhagsstöðu er ljóst, að á árinu 2023 þarf að nota hvert tækifæri sem skapast við starfslok til hagræðingar. Er því brýnt að víðtækt samráð og samtal eigi sér stað til að rýna alla möguleika sem skapast. Eins og við afgreiðslu síðustu fjárhagsáætlunar þá er því einnig beint til framkvæmdanefndar að ljúka vinnu við að endurskipuleggja þjónustumiðstöð kirkjunnar þannig að allt verklag og verkferlar verði sem skýrast og þjóni þörfum kirkjunnar sem best.

Einnig hefur fjárhagsáætlun verið uppfærð samkvæmt 2. grein þar sem segir að í fjárhagsáætlun kirkjuþings skuli gera ráð fyrir sérstakri fjárheimild, sem nemi 1% af heildar útgjaldaliðum í fjárhagsáætlun, til að bregðast við útgjöldum sem brýna nauðsyn ber til að inna af hendi, eru tímabundin, ófyrirsjáanleg, óhjákvæmileg og ekki unnt að bregðast við með öðrum hætti. Fjárheimild þessi skal nema að lágmarki 1% af heildar útgjaldaliðum í fjárhagsáætlun. Greiðslur af fjárheimildinni eru ákvarðaðar af rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar í samráði við framkvæmdanefnd og fjárhagsnefnd kirkjuþings um ráðstafanir samkvæmt 1. mgr., m.a. hvort öll skilyrði séu uppfyllt.

Við yfirferð á yfirstandandi fjárhagsári vill nefndin hrósa stjórnendum og starfsfólki þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar fyrir hversu vel hefur tekist að halda sig innan fjárheimilda vegna ársins 2022 og hvetur starfsfólkið áfram til dáða við að tryggja að rekstur kirkjunnar haldist í jafnvægi árið 2023. Jafnframt þakkar fjárhagsnefnd starfsfólki Þjónustumiðstöðvar fyrir aðstoð og samvinnu við gerð fjárhagsáætlunar.

Vegna mikillar óvissu m.a. vegna verðbólgu og kjarasamninga á árinu 2023 mun fjárhagsnefnd og framkvæmdanefnd taka fjárhagsáætlunina til skoðunar fyrir fundi kirkjuþings í mars 2023. Fjárhagsnefnd samþykkir eftirfarandi

*Þingsályktun:*

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir svo breytta fjárhagsáætlun kirkjunnar fyrir árið 2023.

Margrét Eggertsdóttir var fjarverandi

Reykjavík, 25. nóvember 2022.

*Fjárhagsnefnd.*

Arna Grétarsdóttir

Árni Helgason

Einar Örn Björgvinsson

Einar Már Sigurðarson, form.

Guðni Már Harðarson

Hildur Inga Rúnarsdóttir

Sigurður Grétar Sigurðsson

Steindór R. Haraldsson